

Andmæli við virkjun í mynni í Þjórsárdals frá Jóhönnu Jóhannsdóttur í Haga.

Fyrir um áratug hafði ég búið í sextíu ár í Haga. Þá voru að byrja kritur, undirferli, ósannindi og mútur sem enn standa og hafa á undraskömmum tíma stefnt samfélaginu við Þjórsá í voða svo til auðnar horfir. Fáir vissu þá hvað var í bígerð og líklega var fyrsta greinin sem skrifuð var um skuggaleg og falin áform Landsvirkjunar var einmitt sú sem ég skrifaði og birtist í Morgunblaðinu. Þá hafði komið til mín maður og beðið mig að skrifa. Greinin var ekki löng, en hún fjallar um það vald sem örfáir gróðapungar taka sér til að sölsa undir sig og eyðileggja náttúru og ríkidæmi sem þeir eiga ekkert í.

Þegar ég kom að Haga frá Hamarsheiði í sömu sveit var þar rekinn þar alhliða búskapur auk bílaútgerðar Landleiða. Haraldur Georgsson bóndinn var með menn í vinnu við akstur og viðgerðir auk þeirra karla og kvenna sem sinntu búskapnum, en hefðbundinn búskapur hefur alla tíð verið í Haga, bæði kýr og sauðfé, enda hentar jörðin fyrir allan búskap. Þá var umsvifamikil ferðapjónusta inn um allan Þjórsárdal, Hótel var á Ásólfstöðum og áætlunarferðir með íslenska ferðamenn í dalinn að Hjalparfossi, í Skriðufellskóg, Gjána og að Stöng.

Þá var líf á bæjunum og mannfjöldi í Þjórsárdal, þrjár fjölskyldur á Ásólfstöðum, mannmargt á Skriðufelli og í Haga var líka fjöldi fólks. Enn átti eftir að fjölga, en nú hokrar hér einn maður á hverjum bæ, ef bæirnir eru þá ekki farnir í eyði og frístundabúskap fyrir hestamenn úr Reykjavík. Ástandið hefur stórversnað ár frá ári sem vonlegt er. Ekki er hægt að gera áætlanir um búskap, byggingar, ferðamennsku eða nokkurn hlut annan þar sem miklar og eyðileggjandi framkvæmdir sem taka langan tíma og skila gjörbreyttu landslagi vofa yfir. Þetta hefur þreytt margan manninn, fólk situr ekki á sáttis höfði, ættir eru sundraðar og fólk þorir ekki lengur að tala saman nema í mesta lagi um veðrið. Það er þunnur þrettáandi til lengdar og varla bjóðandi upp á að ungar fjölskyldur setjist að í slíku andrúmslofti.

Það er mikið vald sem örfáir menn taka sér. Þessi virkjanamál eru svo furðuleg og allir virðast vera peningalausir, sérstaklega þeir stórbændur sem Landsvirkjun hefur borgað fyrir eyðilegginguna. Ég skil það ekki. Hingað til hafa stórbýli eins og landnámsjörðin Hagi staðið fyrir sínu og varla batnar jörðin við að túnunum sé sökkt. Það er þó eitt af því sem Landsvirkjun heldur blákalt fram. Ég hef ekki trú á að bændur hér, jafnvel geysimiklir og góðir bændur, sjái framtíð í búskap við ísgrátt jökullón og næstu bæi í eyði. En við ræðum það ekki. Það er mikil hætta á því að hér bregði menn búi á bestu jörðunum í sveitinni, sögufrægum landnámsjörðum, sem búið hefur verið á um ómunatíð. Á síðustu tíu árum, frá því ég skrifaði varnaðargrein í Morgunblaðið hafa nokkrar jarðir farið í eyði og ég er ekki í neinum vafa um að Landsvirkjun á hlut að máli. Hér í sveit hefur framtíðin verið svört vegna óvissu í tíu ár.

Pótentátar Landsvirkjunar sitja sveitarstjórnina og hugsa um eigin hag og seðlaveski en virða íbúana einskis. Eldri borgarar, flestir fæddir og uppaldir hér í þessari sveit,

samþykktu einum rómi andmæli við virkjunina. Ekkert mark var tekið á því og jafnvel talin framhleypti af þeim að hafa skoðun svona gamlir. En svo kom í ljós að þeir eldra fólkið var ekki eitt. Fjöldi fólks innan sveitar og utan hefur síðan skrifað langar greinar og ræður um friðun Þjórsár. Margir merkismenn, prestar og prelátar, rithöfundar, bændur og vísindamenn og stjórnámálmenn og ungt fólk héðan ættað sem ekki getur hugsað sér að setja sig hér niður í þrætur og landsþjöll. Greinasafnið sem ég geymdi þar til fyrir tveimur árum komst varla fyrir í vel troðinni skólatösku. Nú er það geymt hjá Guðfinni Jakobssyni í Skaftholti, formanni Sólar á Suðurlandi og líklega hefur bæst talsvert í það síðan. Þeir sem um rammaáætlun véla ættu að fá þá skólatösku lánaða.

Ég get ekki lesið Rammaáætlun eða önnur viðamikil plögg sem stjórnvöld ætla að byggja sínar ákvarðanir á. Til þess hef ég hvorki sjón né úthald. Töflur og gögn hefur mér heyrst að séu um eitthvað allt annað en það sem fólk hér um slóðir telur mikilvægt. En ég hef lesið margar góðar greinar um gildar ástæður þess að vernda Þjórsá og mynni Þjórsárdals um ókomna tíð. Hér framan við Gaukshöfða og niður að Gálgakletti og flúðunum við Þverá er fegurðin algjör. Þegar glampar á Þjórsá í tunglskini á vetrarkvöldum og Hekla sést í baksýn er hún ólýsanleg. Sú fegurð verður ekki bætt með einhverjum aurum. Það ætti að vera búið að endurvekja ferðamannasvæðið Þjórsárdal fyrir löngu, enda gefur dalurinn öðrum stórum ferðamannastöðum síst neitt eftir í náttúrufergurð. Í staðinn á að leyfa Landsvirkjun að umturna hér öllu landslagi, spilla byggð og skemma ættir og samfélög. Sá harmleikur verður ekki aftur tekinn. Skömm sé þeim sem af vanþekkingu spilla fyrir landi og þjóð með græðgi og fals að vopni.